

AUGLÝSING

um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 1094/2016,
um sérstakan húsnæðisstuðning.

1. gr.

6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári nemi ekki hærri upphæð en 6.186.000 kr.

2. gr.

5. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

5. gr.

Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings.

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári kr.	Efri tekjumörk á ári kr.	Neðri tekjumörk á mánuði kr.	Efri tekjumörk á mánuði kr.
1	4.500.677	5.625.846	375.056	468.821
2	5.952.508	7.440.635	496.042	620.053
3	6.968.790	8.710.988	580.733	725.916
4 eða fleiri	7.549.523	9.436.904	629.127	786.409

3. gr.

Breytingar þessar, sem eru ívilnandi voru samþykktar í borgarráði 11. febrúar 2021, að fengnum tillögum velferðarráðs Reykjavíkurborgar, eru byggðar á 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, tóku gildi 1. janúar 2021.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 17. febrúar 2021.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. mars 2021